

LÖG

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989 og 4. nóvember 1993.

2. gr.

Í fylgiskjali með lögnum verða þær breytingar sem greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 3. reglu:
 - a. Í stað orðanna „Meðal skipa með takmarkaða stjórnhæfni má telja“ í 2. mgr. g-liðar kemur: Hugtakið „skip með takmarkaða stjórnhæfni“ nær til, en takmarkast þó ekki við.
 - b. 3. tölul. 2. mgr. g-liðar orðast svo: skip við móttöku eða losun eldsneytis, vista og farms skipa á milli eða við flutning manna, vista eða farms meðan skipið er laust.
2. Í stað orðsins „dyggilega“ í 5. reglu kemur: dyggilegan.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 10. reglu:
 - a. Í stað orðsins „siglingaleiðar“ í 1. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleiðar.
 - b. Í stað orðsins „siglingaleið“ í 3. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleið.
 - c. Í stað orðanna „afmarkaða siglingaleið“ í c-lið kemur: afmarkaðar einstefnuleiðir, og í stað orðanna „hinnar afmörkuðu siglingaleiðar“ kemur: skipaumferðarinnar.
 - d. 1. tölul. d-liðar orðast svo: Skip á ekki að sigla strandleið þegar það getur með öryggi siglt eftir þeirri einstefnuleið er við á í aðskilinni siglingaleið sem næst liggur. Þó mega skip, sem eru styttri en 20 metrar, seglskip og skip að fiskveiðum sigla strandleiðina.
 - e. Í stað orðanna „Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði“ í 1. mgr. e-liðar kemur: Að jafnaði má ekki sigla skipi inn á svæði.

4. A-liður 14. reglu orðast svo: Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðum stefnum eða því nær gagnstæðum stefnum, svo að hætta er á árekstri, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort framhjá öðru á bakborða.
5. Í stað orðanna „torvelða góða útsýn frá skipinu“ í b-lið 20. reglu kemur: torvelða að halda dyggilegan útvörð á skipinu.
6. 2. tölul. c-liðar 23. reglu orðast svo: Vélskip, sem er styttra en 7 metrar og siglir með 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund, má hafa uppi hvítt hringljós í stað þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, og skal einnig hafa uppi hliðarljós, ef framkvæmanlegt er.
7. Í stað orðanna „svo sem að varpa ljósi á dráttartaugina“ í i-lið 24. reglu kemur: sérstaklega með því að lýsa upp dráttartaugina.
8. Eftirfarandi breytingar verða á 26. reglu:
 - a. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. b-liðar falla brott.
 - b. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. c-liðar falla brott.
 - c. D-liður orðast svo: Viðbótarkerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur, á við skip sem er að fiskveiðum rétt í námunda við önnur skip að fiskveiðum.
9. Eftirfarandi breytingar verða á I. viðauka:
 - a. 2. tölul. f-liðar 2. hluta, *Lóðrétt staðsetning siglingaljósa og fjarlægð á milli þeirra*, orðast svo: Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. gr. b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið(in) eða lóðrétt milli fremra(i) og aftara(i) sigluljóssins (sigluljósa), svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.
 - b. Nýr staflíður, d-liður, bætist við 3. hluta, *Lárétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra*, svohljóðandi: Á vélskipi sem er aðeins skylt að hafa uppi eitt sigluljós skal ljósið vera framan við miðju skipsins. Á skipum, styttri en 20 metrar, er þó ekki skylt að hafa ljósið framan við miðju skipsins, en það skal haft eins framarlega á skipinu og unnt er.
 - c. B-liður 9. hluta, *Láréttir ljósgeirar*, verður liður b. 1. og við bætist nýr liður, b. 2., svohljóðandi: Sé óframkvæmanlegt að fara eftir lið b. 1. í þessum hluta með því að hafa uppi aðeins eitt hringljós, skal hafa uppi tvö hringljós, sem skulu eftir því sem frekast er unnt og þar sem best hentar sett upp á þann veg eða þannig búin hlífum, að ljósin sjáist sem eitt ljós í einnar sjómílu fjarlægð.
 - d. Nýr hluti bætist við, 13. hluti, svohljóðandi, og breytist röð annarra hluta samkvæmt því: *13. Mjög hraðskreið skip*. Á mjög hraðskreiðu skipi, þar sem hlutfallið af lengd skipsins á móti breidd þess er minna en 3,0, má sigluljósið vera lægra en mælt er fyrir um í 1. gr. a-liðar 2. hluta þessa viðauka, svo framarlega sem hornið við grunnlínu á jafnarma þríhyrningi, sem sigluljósið og hliðarljósin mynda, þegar horft er á ljósin framan frá, er ekki minna en 27°.
10. Eftirfarandi breytingar verða á 2. hluta II. viðauka, *Merki skipa að togveiðum*:
 - a. Inngangsmálsliður a-liðar orðast svo: Skip að togveiðum, 20 metrar á lengd eða lengra, skal, hvort sem það veiðir með botnvörpu eða flotvörpu, hafa uppi.
 - b. Inngangsmálsliður b-liðar orðast svo: Á skipum, sem eru 20 metrar á lengd eða lengri og toga vörpu á milli sín, skal á hvoru þeirra um sig hafa uppi.
 - c. Nýr staflíður, c-liður, bætist við, svohljóðandi: Skip styttra en 20 metrar má, eftir því sem við á, hafa uppi þau ljós sem mælt er fyrir um að hafa uppi í a- eða b-lið þessa hluta, hvort sem skipið er að veiðum með botnvörpu eða flotvörpu eða togar vörpu með öðru skipi.

11. O-liður 1. hluta ÍV. viðauka orðast svo: Viðurkennd merki sem send eru frá fjarskiptakerfum, hér með taldir ratsjársvavar í björgunarförum.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.578“ í 2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 4.826.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2002 vegna tekna ársins 2001.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „15.000 kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 16.500 kr.

2. gr.

Í stað „424 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 462 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. nóvember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.